

Rangárþing eystra  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 29. nóvember 2018  
UST201811-233/A.B.  
10.04.02

### **Efni:** Lýsing – Breyting á Aðalskipulag Rangárþing eystra 2012 – 2024 - Fornhagi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþing eystra er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Rangárþingi eystra 2012 – 2014 í landi Fornhaga.

Í lýsingu kemur fram að breytingin gengur út á að landbúnaðarsvæði verði breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði á um 13ha svæði úr landi Fornhaga. Auk þess kemur fram að samkvæmt drögum að deiliskipulags er gert ráð fyrir 6,3ha tjaldsvæði fyrir tjöld, ferðavagna, húsbíla og hjólhýsi og 6,7ha svæði fyrir allt að 50 gistihúsum sem byggð verða í áföngum. Einnig kemur fram í lýsingu að fyrirhugað er að reisa 400m<sup>2</sup> þjónustuhús, um 100m<sup>2</sup> salernis- og sturtuáðstöðu og um 145m<sup>2</sup> grillhús og bílastæði.

### **Votlendi**

Umhverfisstofnun telur að þar sem norðvestur hluti svæðis sem sýnir drög að deiliskipulagstillögu lendi undir votlendi og falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Þetta kemur ekki fram í tillögunni að mati stofnunarinnar. Þá er þar ekki fjallað um aðra mögulega valkosti við val á svæði eða ástæður þess að umrætt svæði varð fyrir valinu. Í tillögunni er ekki sýnt fram á að brýnir almannahagsmunir réttlæti röskun á tilteknu svæði, sem nýtur sérstakrar verndar í skilningi náttúruverndarlaga

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur